

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Vatnagarðar 28.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 27. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða 4-28 vegna lóðarinnar nr. 28. Í breytingunni fólst að koma fyrir nýjum byggingarreit á lóðinni og auka byggingamagn. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laufásvegur 40.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. nóvember 2015, breytingu á deiliskipulagi reits 1.197.2-3, Smáragötureits, vegna Laufásvegs 70. Í breytingunni felst að breyta byggingarreit vegna tveggja steinsteypra palla. Við breytinguna fellur eldri byggingarreitur niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Suður-Mjódd.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2015, breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Breiðholtsbraut til norðurs, Skógarseli til austurs og jaðri íbúðarbyggðar við Þverársel og bæjarmörkum að Kópavogi til suðurs. Í breytingunni felst heildarendurskoðun á eldra deiliskipulagi frá 2008. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 3. desember 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2015